

66  
6. júlí

## SAMÞYKT

um

breyting á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

Lunda má veiða með háf á heimalandi í sumar frá því 11 vikur eru af sumri þar til fullar 16 vikur eru af sumri.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hefir gjört samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, staðfestist hjérmeð til að öðlast þegar gildi.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júlí 1925.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

67  
30. júlí

## AUGLÝSING

um

meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum til 14 maí 1928 eftir ákvæðum sýslunefnda og bæjarstjórna, samkvæmt 26. gr. laga nr. 46, 27. júní 1921.

1. <i>Reykjavíkarkaupstaður.</i>			
Til fullra	4 ára	aldurs	300 kr.
— —	9 — —	.....	240 —
— —	14 — —	.....	270 —
— —	16 — —	.....	100 —
2. <i>Hafnarfjarðarkaupstaður.</i>			
Til fullra	4 ára	aldurs	300 kr.
— —	9 — —	.....	200 —
— —	14 — —	.....	250 —
— —	16 — —	.....	120 —